

BORGARRÁÐ 23. júlí 2020: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins Mörtu Guðjónsdóttur um að borgarlína verði kostnaðarmetinn með tilliti til sambærilegra verkefna erlendis - R20070151

Gera má ráð fyrir að borgarlínuverkefnið verði mun kostnaðarsamara en áætlað er enda hefur það komið á daginn og sýnt sig að sambærileg verkefni í erlendum borgum hafa farið langt yfir kostnaðaráætlun. Með þá staðreynd í huga er lagt til að kostnaður við borgarlínuverkefnið verði metinn með tilliti til sambærilegra verkefna erlendis s.s. í Edinborg þar sem verkefnið stóðst ekki kostnaðaráætlanir. Enginn rekstraráætlun liggur fyrir varðandi borgarlínu og því er lagt til að unnið verði að slíkri áætlun og hún lögð fram hið fyrsta. Það er lágmarskrafa að þessari heimavinnu sé lokið áður en frekari ákvarðanir eru teknar og framkvæmdir hefjast. Skattgreiðendur eiga heimtingu á að vera upplýstir um reikninginn sem þeim verður sendur vegna borgarlínunnar.